

### 3. Búnaðarsamband Norður-Pingeyinga

#### Aðalfundargerð 2009

*Aðalfundur haldinn á Kópaskeri 16. mars 2010.*

#### 1. Aðalfundur hófst með aðalfundi Sauðfjorbændadeildar BSNÞ.

Formaður Einar Ófeigur setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Stýrði hann fundi sjálfur og bað Soffíu Björgvinsdóttur að rita fundargerð, var þetta samþykkt.

Gestir fundarins: Þorsteinn Ólafsson, Vignir Sigurólason, María Svanþrúður Jónsdóttir og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson.

Inntaka nýrra féлага. Tveir báðu um inngöngu, þeir Maríus Halldórsson og Axel Jóhannesson, voru þeir boðnir velkomnir með lófataki.

Einar Ófeigur fór yfir niðurstöður Sigurðar Sigurðarsonar úr lambakrufningum vorið 2009. Þar kom fram að algengasta orsök lambadauða er sprungin lifur, 16% tilvika og köfnun 21%. Þegar skoðaðar eru tölur sem koma fram í fjárvis.is eru 6.4% lamba dauð í lok sauðburðar. Einnig benti hann á að skoða verði lyfjaverð, nefndi hann dæmi af verðmyndun á Lambivac.

#### *Erindi Þorsteins Ólafssonar dýralæknis hjá MAST:*

Breyttar varnarlínur og sóttvarnir: Fór hann yfir hvar varnarlínur eru á landinu og sagði að Reyðarfjarðarlína verði tekin upp aftur. Næst var farið yfir landshlutabundna dreifingu á garnaveiki, lungnapest, kregðu, kylapest, tannlosi. Ábyrgð bænda er sú að verja eigið bú og sýna ábyrgð gagnvart öðrum. Sýndi hann að síðustu glæru með niðurstöðum úr lambakrufningum frá 2006 til 2008 en þar voru sambærilegar niðurstöður og frá vorinu 2009.

Í fyrirspurnum og umræðum var Þorsteinn brýndur á því að standa nú í ístaðinu í sambandi við fullorðinsmerkingar sauðfjár og svo að ekki þurfi að setja tvö merki í hverja kind með ærnum kostnaði.

Karl í Hafrafellstungu spurði Þorstein um það hvort verði sé að vara menn við að kaupa lömb af þessu svæði og bað um að komið verði beint að bændum með gagnrýni, en ekki á bakvið. Svaraði Þorsteinn því til að hann hafi ekki hvatt menn til að kaupa líflömb héðan en vilji hafa gott samstarf við bændur hér. Halldór á Bjarnastöðum kallaði eftir því að Matvælastofnun og héraðsdýralæknir sýni áhuga á árangri af bólusetningu með lyfinu Baytril vegna hósta í lömbum. Lofaði Þorsteinn bót og betrun.

Nokkur umræða varð um lyf og dýralæknaþjónustu.

Að endingu var Þorsteini þakkað erindið og Vigni Sigurólasyni koman á fundinn.

#### *Erindi Sigurgeirs Sindra Sigurgeirssonar:*

Fór hann yfir kjötmarkaðinn bæði innanlands og utan, magn og verð. Smásöluverð á lambakjöti hefur hækkað um 8.1% frá 2007-2009. Verð til bænda á sama tímabili hefur hækkað um 33.3%. Samdráttur í sölu innanlands er 11,6%.

Kom hann næst inn á störf stjórnar undanfarið. Breytingar á búvörusamningi, verðlagsgrunn, stefnumótun, aðild að Evrópusambandinu, Matvælastofnun, fundaherferð um landið í ágúst, breytingar á Markaðsráði, tollkvóta á Noreg, viðræður við TESCO verslunardeju. Ullarverð hækkaði um 8% á milli ára. Fundur Markaðsráðs með sláturleyfishöfum, samstarf við systursamtök á Norðurlöndunum, smálambaskinn (Born Again verkefnið). Einnig ormalyfið Albencare og áburðarverð. Aðalfundur LS verður haldinn 8.-9. apríl.

Sat ráðstefnu í Brussel þar sem fram kom að tekjur af ull eru almennt að minnka og aukin áhersla er á kjötframleiðslu. Samdráttur var rauði þráðurinn, talað var um tækifærin. Samvinna er mjög algengt orð. Neytendur vilja magurt og beinlaust, áhersla á yngra fólk og múslíma, að þægilegt og fljótlegt sé að elda, fræðsla til neytenda og starfsfólks, neytendur

kunna ekki að nota lamb. Efla þarf sauðfjárrækt um allan heim. Nauðsynlegt að draga fram upplýsingar um sérstöðu. Hagsmunamál fyrir alla að deila þekkingu.

Fór Sindri ásamt Sigurði Eypórssyni í heimsókn til allra sláturleyfishafa í haust. Kom fram í þeim heimsóknum að vilji er til að skoða að sameina allar afurðastöðvar í eina með örfáum undantekningum.

Rúnar á Hóli tók til máls og lýsti sig sammála því að sameina afurðastöðvar. Einnig var hann með efasemdir um viðmiðunarverð LS. Karl í Hafrafellstungu spurði um hvaða heimildir Markaðsráð hefði varðandi útflutning og á hvaða verðum er verið að flytja út.

Gunnlaugur á Hallgilsstöðum setur spurningamerki við sameiningu sláturleyfishafa.

Einar Ófeigur spurði hvort Ístex sé farið að borga “sjálft” fyrir ull og nefndi að ef breyta á álagsgreiðslun þá þarf að taka upp búvörusamninginn, það kemur ekki til greina. Ráðleggur mönnum að taka því rólega í sameiningu sláturleyfishafa. Sverrir á Ytra-Lóni spurði hvort nýttur hafi verið styrkur sem merktur var í vinnslu unglamba skinna. Sigurður Þór spurði um áhrif á neytendamarkað ef sameining verður hjá sláturleyfishöfum. Jóhannes á Gunnarsstöðum segir ekki koma til greina að breyta álagsgreiðslum.

Sindri svaraði varðandi viðmiðunarverðið að oft sé búið að taka þessa umræðu. Niðurstaðan hefur alltaf orðið sú að gefa það út. Ekki eru til neinar samþykktir fyrir Markaðsráð því það er upplýsingaráð. Upplýsingar um verð fyrir útflutning liggja ekki á lausu. Ístex er að borga lítillaga sjálft til bænda. Sindri sammála því að ekki verði gerðar breytingar á álagsgreiðslum.

Styrkur til að greiða unglambaskinn sé ekki fullnýttur. Áhrif sameiningar á neytendamarkað er góð spurning. Bændur verða að vera meðvitaðir um óskir markaðarins. Ef markaðurinn vill léttari dilka verður það að koma fram í verðskrá sláturleyfishafa. Fleiri tóku til máls varðandi sameiningu sláturleyfishafa.

Var Sindra síðan þakkað fyrir gott erindi.

#### *Kosningar.*

Tveir fulltrúar á aðalfund LS. Einar Ófeigur Björnsson og Jóhannes Sigfússon réttkjörnir fulltrúar 1. varamaður Sigurður Þór Guðmundsson og 2. varamaður Sigurður Árnason.

Fulltrúi Sauðfjársambands á aðalfund BSNP 2011 aðalmaður Soffía Björgvinsdóttir og til vara Gunnar Guðmundarson.

#### *Önnur mál.*

Umræður urðu um lyfjaverð, hvaða leiðir er hægt að fara til að lækka verð.

María Svanþrúður sagði frá vinnu sem er í gangi í Pistilfirði um stofnun Forystufjárseturs.

## **Aðalfundur Búnaðarsambands Norður Þingeyinga**

### **1. Setning fundar og skipan starfsmanna**

Einar Ófeigur setti fund og stjórnaði honum, en Soffía ritaði fundargerð. Skipuð var kjörbréfanefnd sem í sátu; Guðmundur í Vogum, Fjóla á Gunnarsstöðum og Jón í Leirhöfn.

### **2. Skýrsla stjórnar og reikningar**

Formaður fór yfir starf síðasta árs og vísast til skýrslu hans hér aftar. Einnig fór hann yfir reikningana sem hér fylgja og var þeim vísað til fjárhagsnefndar.

Engin tók til máls um reikninga.

### **3. Álit kjörbréfanefndar**

Búnaðarfélag Öxfirðinga: Rúnar Þórarinsson, Sigþór Þórarinsson og Bjarki Fannar Karlsson.

Búnaðarfélag Presthólahrepps: Sigurður Árnason og Jón Þór Guðmundsson.

Búnaðarfélag Þistilfjarðar: Soffía Björgvinsdóttir, Fjóla Runólfsdóttir og Gunnar Þóroddsson.  
Búnaðarfélag Langnesinga: Sverrir Möller, Gunnlaugur Ólafsson og Ágúst Guðröðarson.  
Búnaðarfélag Keldhverfinga: Jón Guðmundsson, Rúnar Tryggvason og Sigurður Yngvason.  
Fulltrúi Sauðfjárnæðingadeildar: Gunnar Guðmundarson

#### **4. Mál lögð fyrir fundinn**

Formaður úthlutaði málum til nefnda.

#### **5. Fundinum skipt upp í nefndir**

Fjárhagsnefnd: Guðmundur Þórarinnsson, Rúnar Tryggvason, Sigþór Þórarinnsson, Sigurður Árnason, Gunnar Guðmundarson, Gunnar Þóroddsson, Soffía Björgvinsdóttir, Gunnlaugur Ólafsson.

Allsherjarnefnd: Fjóla Runólfsdóttir, Jón Þór Guðmundsson, Rúnar Þórarinnsson, Bjarki Fannar Karlsson, Sverrir Möller, Ágúst Guðröðarson, Jón Guðmundsson, Sigurður Yngvason.

#### **6. Álit nefnda**

*Álit fjárhagsnefndar*

Um samning við BSE. Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 16. mars 2010 samþykkir að fela stjórn BSNÞ að endurskoða samstarfssamning við BSE og heimilar hækkun hlutdeildar BSE í búnaðargjaldi úr 80% í 85%. Fundurinn hvetur stjórn til að halda föstum stöðugildum ráðunauta í Þingeyjarsýslum.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 16. mars 2010 samþykkir að félagsgjöld verði kr. 2.500,- fyrir einstakling og kr. 4.000,- fyrir hjón eða sambýlisfólk.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 16. mars 2010 samþykkir að þóknun til formanns verði kr. 120.000.- á ári og þóknun til annara stjórnarmanna verði kr. 7.500.- fyrir hvern fund.

Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd leggur til að reikningar BSNÞ fyrir árið 2009 verði samþykktir.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 16. mars 2010 samþykkir að veita Heimöx handverkshópi við Óxarfjörð styrk til endurnýjunar á söluhúsi við Ásbyrgi að upphæð kr. 250.000.- Samþykkt með þorra atkvæða á móti einu.

*Álit allsherjarnefndar:*

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 16. mars 2010 leggur til að banni við rjúpnaveiði verði framfylgt á búnaðarsambandsvæðinu. Hvatt verði til að rjúpnaveiðibanni verði framfylgt þar sem það er auglýst. Búnaðarsambandsstjórn hvött til að fylgja því eftir.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 16. mars 2010 felur stjórn BSNÞ að beina því til formanna sauðfjárræktarfélaganna að kanna vilja félagsmanna með kaup á fjárvogum. Greinargerð: Komið hefur fram að vöntun er á fjárvogum og því er nauðsynlegt að formenn kanni áhuga félagsmanna á kaupum eða hvort einhver smíði fjárvogir. Með magnkaupum er jafnvel hægt að fá hagstæðara verð.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 16. mars 2010 hvetur stjórn Bændasamtakanna til að fylgja eftir vinnu starfshóps sem á að fjalla um lyfjaverð.  
Samþykkt samhljóða.

## **7. Kosningar**

*Stjórnarmaður* til þriggja ára: Jóhannes Sigfússon endurkjörinn með 11 atkvæðum.

*Maður í varastjórn* til eins árs: Sigurður Þór Guðmundsson kosinn með 6 atkvæðum.

*Endurskoðandi* til eins árs: Gunnar Páll Ólason endurkjörinn.

## **8. Önnur mál**

Einar sagði frá því að þeir Sigurður Þór séu í nefnd sem er að endurskoða fjallskilareglugerð.

Einnig rakti hann þau mál sem komu fram á Búnaðarþingi.

Sigurður Þór kom á framfæri kveðju frá Vigni Sigurðssyni sem óskaði okkur góðs fundar.

Fundi slitið kl. 19:33.

## **Skýrsla stjórnar á aðalfundi BSNÞ**

*Einar Ófeigur Björnsson f.h. stjórnar – flutt á aðalfundi 2010.*

Á síðasta starfsári var ekki haldinn neinn formlegur stjórnarfundur. Ekki var það þó þannig að stjórnin gerði ekki neitt. Verkefni sem upp komu voru leyst í gegnum tölvupóstssamskipti og síma.

Aðalverkefni Búnaðarsambandsins á síðasta ári var lambadauðarannsóknin sem Sigurður Sigurðarson framkvæmdi á síðastliðnu vori. Hann dvaldi hér í um mánaðartíma og var ýmist með aðsetur á Gunnarsstöðum eða í Hafrafellstungu. Þar dvaldi hann að mestu BSNÞ að kostnaðarlausu og kunnum við ábúendum á þessum bæjum bestu þakkir fyrir. Sigurður rannsaði tæplega 300 lömb og voru helstu tölur úr því kynntar á sauðfjárbændaeildarfundinum fyrr í dag. Töluverður undirbúningur og vinna fór fram á vegum stjórnarinnar vegna þessa verkefnis. Síðan var haldin “sauðburðargleði” í Skúlagarði 8. júní með fjölbreyttri dagskrá og heppnaðist sú samkoma með ágætum. Sigurður var aðalhvatamaður að því að koma henni á og stjórnaði henni ásamt formanni. Stjórn BSNÞ þakkar Sigurði og konu hans Ólöfu samstarfið á liðnu vori.

Stjórn BSE sagði upp samningi við BSNÞ um ráðgjafarþjónustu á Norðausturlandi nú í byrjun árs. Stjórn BSNÞ hafði heimild aðalfundar frá síðasta ári til að hækka hlutfall búnaðargjalds sem rennur til BSE í 85%. Ekki náðist hins vegar að klára málið á þeim nótum fyrir síðastu áramót og því er þetta nú komið í þennan farveg.

Formaður starfaði í nefnd á vegum Bændasamtaka Íslands á síðasta ári sem átti að vinna að því að draga úr innheimtu búnaðargjalds. Farnar voru 2 ferðir til Reykjavíkur vegna þessa. Engin árangur varð af starfi þessarar nefndar og hefur hún skilað af sér. BSNÞ var gert að greiða ferðakostnað vegna þessa úr eigin sjóðum.

Formaður sótti 2 formannafundi á vegum Bændasamtakanna og 1 hjá Landssamtökum sauðfjárbænda. Einnig sótti hann 4 fundi í stjórn Búgarðs.

Fundir í heimahéraði voru með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Að lokum þakkar stjórn bændum og búaliði í N-Þing samstarfið á árinu og einnig stjórn og starfsmönnum Búgarðs.

## Reikningar BSNP 2009

### Rekstrarreikningur

	Tekjur 2009	Gjöld 2009	Tekjur 2008	Gjöld 2008
Búnaðargjald	2.922.670		2.560.809	
Hlutur BSE í búnaðargjaldi		2.338.136		2.048.648
Lambadauðaverkefni	622.000	881.396		
Félagsgjöld	280.000		216.500	
Ferðalag			190.000	242.000
Kostun fulltrúa á aðalfund L.S.		60.000		60.000
Ferðakostnaður á fundi		161.360		95.380
Kostnaður stjórnar		45.000		10.000
Þóknun formanns		120.000		100.000
Fundakostnaður		81.600		78.100
Póstur, endurskoðun		11.917		
Vaxtatekjur	936.284		1.295.104	
Fjármagnstekjuskattur		113.035		117.025
Hagnaður ársins		948.510		1.511.260
	4.760.954	4.760.954	4.262.413	4.262.413

### Efnahagsreikningur

	Eignir 2009	Skuldir 2009	Eignir 2008	Skuldir 2008
Landsbankinn landsbók	7.287.961		6.511.601	
Landsbankinn ávísanar.	187.954		110.970	
Aðildarfélag	97.000		39.000	
Lán til Önnu Sandfelli	383.180		419.115	
Hlutafé í Fjallalambi	15.370.870		15.370.870	
Hlutafé í Fjallalambi yfirverð	333.334		333.334	
Hlutafé í Möðruvöllum ehf	100.000			
Skuld við félagsmenn		2000		13.300
Skuld við BSE		38.200		
Eign í árslok		23.720.099		22.771.590
	23.760.299	23.760.299	22.784.890	22.784.890
Eignir 1/1	22.771.590		21.260.330	
Hagnaður ársins	948.510		1.511.260	
Eignir 31/12		23.720.100		22.771.590
	23.720.100	23.720.100	22.771.590	22.771.590